

STARFSLEYFI

Arctic Sea Farm hf. Dýrafirði

Sveitarfélaginu Ísafirði

Lögheimili Suðurgötu 12, Ísafirði

Kt.: 700807-0450

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, fyrir 4.000 tonna ársframleiðslu á laxi eða regnbogasilungi í sjókvíum í Dýrafirði.

Arctic Sea Farm hf. er hér eftir nefndur sem rekstraraðili. Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig enda hafi hann gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt og ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.9.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi/regnbogasilungi á ársgrundvelli í Dýrafirði (að hámarki 4.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma), þannig að miðað ber við meðalframleiðslu á þriggja ára tímabili. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka II og nær til þriggja staðsetninga í Dýrafirði, við Haukadalsbót, Gemlufall og Eyrarhlíð.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða lax í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á þremur sjókvíaeldissvæðum í Dýrafirði með eftirfarandi takmörkunum:

Sjókvíaeldissvæði A (Haukadalsbót)

- framleiðsla 2.000 t á ári

Sjókvíaeldissvæði B (Gemlufall)

- framleiðsla 2.000 t á ári

Sjókvíaeldissvæði C (Eyrarhlíð)

- framleiðsla 2.000 t á ári

Eldið er að jafnaði á tveimur sjókvíaeldissvæðum í senn en eitt svæði hvílt milli eldislota að lágmarki í sex mánuði.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði 51. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1.málgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að fiski, úrgangi, efnum og efnaafgöngum, útbúnaði, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekin í notkun á nýjan leik ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð. Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar (skyndilegrar) stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri. Rekstraraðili skal leggja fram drög að neyðaráætlun fyrir 15. nóvember 2016. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 2.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþol svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 3.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað. Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati

eftirlitsaðila getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga.

Eftirlitsaðila er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 63. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Starfshættir

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna í umhverfið.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 15. nóvember 2016 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Á fjögurra ára fresti skal rekstraraðili boða útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila á samráðsfund. Rekstraraðili skal einnig bjóða fulltrúa viðkomandi heilbrigðisnefndar að sitja fundinn. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstri, vöktun og önnur atriði sem kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

2.3 Verkstjórn

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum.

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Einnig skal rekstraraðili fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta fánlega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

FÓÐURGJÖF

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI

3.3 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fódurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfissvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m³.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda óæskilegri breytingu á lífríki svæðisins sbr. fækkun tegunda, sbr. þó grein 3.8. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6 ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

ÚRGANGUR

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.9 um lífrænan úrgang.

ANNAÐ

3.12 Rekstrarsvæði

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði.

3.13 Efnanotkun, öryggisblöð og efnanotkun

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 61/2013 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem eru talin geta haft í sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja ákvæðum í 2. kafla starfsleyfisins.

4. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í kvíunum,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdi gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3.,
- staðsetningu kvía sem eru í notkun og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli frá starfsmannaaðstöðu,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olúgildra.
- lyfjagjöf m.a vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6.

4.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.3. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfispætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vera með vöktunaráætlun sem samþykkt skal vera af Umhverfisstofnun. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Áætlunin skal kveða á um umhverfismælingar og skulu mælingar hefjast fyrir 1. apríl 2018. Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður.

Endurskoða skal vöktunaráætlanir óski Umhverfisstofnun eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisstofnunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

Vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar byggir á staðlinum ISO 12878.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk skv. lið 11b í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila samhliða rekstrarleyfi og gildir til 22. nóvember 2033.

Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi rekstraraðila um 2.000 tonna starfsleyfi frá 13. febrúar 2013.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð sjá fylgiskjal 1.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Reykjavík 22. nóvember 2017

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Viðauki 1



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíaeldis í starfsleyfi. Í viðauka 2 má sjá hnit fyrir sjókvíaeldi í starfsleyfinu.

Viðauki 2

Staðsetningar fyrir fiskeldi rekstraraðila sbr. viðauka1

Eldissvæðið Haukadalsbót afmarkast af hnitunum: :

- 65 53 79-23 37 83
- 65 52 97-23 33 65
- 65 52 65-23 34 02
- 65 53 46-23 37 84

Eldissvæðið Gemlufall afmarkast af hnitunum:

- 65 53 34-23 29 66
- 65 53 57-23 29 21
- 65 53 12-23 28 05
- 65 52 98-23 28 49

Eldissvæðið við Eyrarhlíð afmarkast af hnitunum:

- 65 55 01-23 39 90
- 65 54 56-23 40 36
- 65 55 23-23 44 73
- 65 55 63-23 44 07

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í grein 4.3 er kveðið á að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í grein 4.4 er ákvæði um að skiladagar fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald séu samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða.
- Leggja skal fram umhverfismarkmið fyrir 1. maí 2018 þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

1. Almenn:

Arctic Sea Farm hf. (kt: 700807-0450), Hafnarbakka 8, 425 Flateyri er með 2.000 tonna leyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi/regnboga í Dýrafirði og sótti um stækkun í 4.000 tonn, dags. 18. desember 2015. Skipulagsstofnun mat það svo að stækkunin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem stækkunin er vel innan þeirra marka sem sett eru í burðarþoli fyrir fjörðinn, sbr. ákvörðun dags. 8. júlí 2015. Með starfsleyfinu er dregið úr þeim áhrifum sem mengun vegna eldisins veldur á botn fjarðarins með hvíld svæða milli kynslóða. Með þeim hætti nær botninn að jafna sig á milli eldislota og gerðar eru mælingar til að meta ástandið.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, fyrir Arctic Sea Farm hf. á tímabilinu 9. nóvember 2016 til 5. janúar 2017. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar, dags. 9. nóvember 2016 og 5. júlí 2017, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsingin var einnig birt í Lögbirtingarblaði, dags. 9. nóvember 2016, og staðarblaði Bæjarins besta 10. nóvember 2016. Tillagan var auglýst aftur á tímabilinu 5. júlí til 31. ágúst 2017 og birt í Lögbirtingarblaðinu 5. júlí. Umsóknargögn voru send hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd til umsagnar þann 29. mars 2017 og aftur þann 29. júní 2017.

Starfsleyfistillagan var einnig send beint á helstu hagsmunaaðila, sem voru Landsamband veiðifélaga, Landsamband fiskeldisstöðva, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun og Skipulagsstofnun. Gögn voru aðgengileg hjá Ísafjarðarbæ á auglýsingatíma.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum (sbr. 23. gr. rg. nr. 785/1999 sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000):

Umhverfisstofnun sendi inn athugasemdir til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar á matsskyldu stækkunarinnar þann 5. febrúar 2013. Í umsögninni kom fram að líklegt væri að framkvæmdin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Samt sem áður benti stofnunin á þá hættu sem gæti skapast vegna slyasleppinga á erfðablöndun við villtan lax og hugsanlega væri kalkþörungur að finna á botni fjarðarins sem hafa mikið verndargildi. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin væri ekki háð umhverfismati. Umhverfisstofnun telur að þær varnir og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi sé fullnægjandi til að vinna gegn skaðlegum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu og viðbrögð Umhverfisstofnunar:

Stofnuninni bárust athugasemdir við starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma frá eftirfarandi aðilum: NASF, Páli Arnóri Pálssyni (fyrir hönd Varplands ehf. og veiðiréttthafa að Langadalsá og Hvannadalsá), Óttari Yngvasyni (fyrir hönd Akurholts ehf., Geiteyjar ehf., veiðifélags Laxár á Ásum, veiðiréttthafa að

Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá og Varplands ehf.) og Hafrannsóknarstofnun. Á endurauglýsingartíma barst viðbótarumsögn frá Óttari Yngvasyni.

Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr umsögnum og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim:

- Hafrannsóknastofnun lætur í ljós þá skoðun gera þurfi nákvæmari vöktunaráætlanir og bæta við staðlinum ISO12878 og einnig er varðar misræmi í hvíldartíma.
 - *Farið hefur verið yfir vöktunaráætlunina og gerðar breytingar í þessa veru.*
 - *Hvíldartíminn er miðaður við það sem lagt er fram í áætlun fyrirtækisins.*
 - *Rétt er einnig að vekja athygli á að taka má upp vöktunaráætlanir á gildistíma starfsleyfisins eftir því sem þurfa þykir.*
 - *Rétt er að minna á endurskoðunarákvæði starfsleyfa um breyttar forsendur, m.a. ef mengun af völdum starfsemi er meiri en gert var ráð fyrir.*
- Í umsögnum er bent á að sérfræðinefnd hafi ekki verið fengin til að fjalla um hvort ásættanlegt sé að sleppa framandi fisktegund eins og t.d. regnbogasilungi eða norskum eldislaxi líkt og lögboðið sé.
 - *Í 41. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem nú eru brottfallin var fjallað um leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera. Í 4. mgr. þeirra laga sagði að ákvæði greinarinnar tækju ekki til m.a. sjávarafla, sbr. lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998. Í 3. gr. þeirra laga segir að lögin gildi m.a. um eldisfisk, og er hann einnig skilgreindur í 2. gr. laganna ásamt hugtakinu sjávarafli. Regnbogasilungur eru nú þegar í mörgum starfsleyfum sem Umhverfisstofnun hefur gefið út, m.a. hjá rekstraraðila Arctic Sea Farm (Dýrfiskur) sem hefur verið með eldi á regnboga og eru fjölmörg starfsleyfi hér á landi í gildi þar sem heimild er til að vinna með regnboga. Við gildistöku nýrra náttúruverndarlaga nr. 60/2013 í október 2015 voru gerðar breytingar á því ákvæði sem fjallar um framandi tegundir. Í 63. gr. nýju laganna er fjallað um lifandi framandi lífverur og leyfi Umhverfisstofnunar vegna þeirra. Þar hefur verið tekið út ákvæði eldri laganna um að ákvæði um leyfi giltu ekki um sjávarafla sbr. lög nr. 55/1998. Því má ætla að ef regnbogi hefði ekki verið til staðar við Ísland við gildistöku laganna hefði þurft að sækja um leyfi fyrir innflutningnum. Hins vegar er tegundin nú þegar notuð hér við land sbr. eldri starfsleyfi og því ekki hægt að tala um leyfisskylda framandi tegund skv. ákvæðum laganna. Þegar rekstraraðili fær leyfi til að auka ársframleiðslu sína um tiltekið magn af eldisfiski sem hann er og hefur verið með í eldi í mörg ár. Einnig má geta að seiðaeldi regnboga er við lýði hér á land og koma hrognin þaðan. Umhverfisstofnun telur að hvorki sé um að ræða innflutning né dreifingu á lífverum.*
- Í umsögnum er bent á að samkvæmt mati umsagnaraðila að sömu reglur gildi um fjárfestingar útlendinga í útgerð og fiskvinnslu eigi líka við um fiskeldi samanber 4. gr. laga 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
 - *Arctic Sea Farm hf. kt. 700807-0450, sem er íslenskur lögaðili hefur sótt um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir eldi sjávarlífvera. Eigendahlutfall erlendra aðila á þeirri*

lögpersónu er ekki eitt af þeim atriðum sem koma til skoðunar hjá Umhverfisstofnun þegar unnið er að starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi, það tilheyrir öðrum stjórnvöldum, m.a. þarf að kanna eiginfjárlutfall við útgáfu rekstrarleyfis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hefur umsjón með lögum nr. 34/1991. Umhverfisstofnun er ekki bært stjórnvald til að framfylgja lögum nr. 34/1991 eða taka ákvarðanir á grundvelli þjóðernis eigenda og réttindi þeirra, m.a. á grundvelli EES samningsins. Vísast til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

- Í umsögnum er bent á að ekki sé til lagaheimild til að veita starfs- eða rekstrarleyfi á hafsvæði utan netlaga en innan landhelgi samkvæmt 2. ml. 40. gr. stjórnarkrárinnar og lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi segir að umsókn um rekstrarleyfi skuli fylgja skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó.
 - *Skv. stjórnarskrá má ekki láta af hendi afnotarétt af fasteignum landsins nema skv. lagaheimild. Ekki verður séð að afmörkuð hafsvæði utan netlaga geti flokkast undir hugtakið fasteign, en ef svo er þá er skv. lögum nr. 41/1979 er íslenska ríkið með fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins. Í þessu tilviki hefur löggjafinn ákveðið að Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi sbr. lög nr. 7/1998 fyrir eldi sjávarlífvera og Matvælastofnun fer með útgáfu rekstrarleyfa fyrir fiskeldi skv. lögum um fiskeldi. Benda má á auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt. Einnig hefur verið samþykkt þingsályktun landsskipulagsstefnu 2013-2024, þar sem m.a. er fjallað um stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum. Þeirri stefnu er ætlað að vera leiðarljós með heildarsýn í huga yfir mögulega notkun haf- og strandsvæða í samhengi við þá starfsemi og nýtingu sem þegar er og fyrirhuguð er og hugsanleg er, en ekki að vera beint skipulagslegt stjórnæki líkt og skipulag sveitarfélaga á landi og út að netlögum. Umhverfisstofnun hafnar því að ekki séu heimildir til að veita rekstraraðilum starfsleyfi til að starfrækja eldi á haf- og strandsvæðum við Ísland utan netlaga.*
- Í umsögnum er bent á að samkvæmt náttúruverndarlögum skuli þegar ákvörðun er tekin t.d um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi án þess að fyrir liggja nægjanleg gögn um hver áhrif hennar hafi á náttúruna koma í veg fyrir verulegt tjón á náttúruverðmætum. Í því samhengi er einnig bent á ákvæði í lögum um fiskeldi þar sem segir að tryggja skuli vernd villtra fiskistofna og koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Ekki hafi farið fram áhættumat á fiskeldi í opnum kvíum hér á landi og bent á að horft verði til reynslu m.a í Noregi, Skotlandi og Kanada við slíkt. verði til reynslu m.a í Noregi, Skotlandi og Kanada við slíkt.
 - *Umhverfisstofnun bendir á að þær meginreglur sem skrifaðar hafa verið í II. kafla náttúruverndarlaga hafa að geyma leiðarljós sem stjórnvöldum ber að taka almennt mið af við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku ákvarðana. Að baki eru einnig óskráðar meginreglur umhverfisréttar. Því eru meginreglurnar bæði leiðarljós þegar skrifaðar eru reglur og þegar teknar eru ákvarðanir sem byggja á reglunum. Umhverfisstofnun telur að hún hafi tekið mið af meginreglum laganna og fylgt ferli við útgáfu starfsleyfis sem byggir*

á ítarlegu og skýru ferli sem byggir á sérlögum og reglugerð um starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Að taka mið af markmiðum og meginreglum náttúruverndarlaga í þessu samhengi gefur til kynna að ákvarðanir og forsendur þeirra hafi verið hluti af því mengi sem er til staðar við ákvarðanatöku og hafi komið til skoðunar. Umhverfisstofnun lítur svo á að meginreglurnar séu vegnar inn í það ferli sem fylgir leyfisveitingum stofnunarinnar og byggja á lögum og reglugerðum. Við vinnslu og útgáfu starfsleyfis er leitast við að leiða í ljós umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og þar með eyða óvissu eins og frekast er unnt. Umhverfisstofnun hefur útfært kröfur í starfsleyfi í samræmi við ætluðu áhrif starfseminnar. Stofnunin telur að tekið hafi verið mið af markmiðum og meginreglum laganna, þ.m.t. varúðarsjónarmið umhverfisréttarins við vinnslu og útgáfu starfsleyfis rekstraraðila.

- Í umsögnum er bent á þá hættu sem skapast fyrir lífríki vegna hugsanlegar erfðablöndunar og laxalúsar.
 - Vísast til umfjöllunar að ofan um meginreglur og verndarmarkmið laga um náttúruvernd og þau ferli sem eru við vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi.
 - Umhverfisstofnun bendir á að ráðstafanir varðandi dýraskjúkdóma byggja á lögum, nr. 25/1993 um dýraskjúkdóma og varnir gegn þeim og annast Matvælastofnun og viðkomandi ráðuneyti framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir því að við útgáfu rekstrarleyfis skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi séu gerðar ráðstafanir varðandi möguleg erfðafræðiáhrif og sjúkdóma.
- Í umsögnum er bent á að umsókn Arctic Sea Farm hf. sé hluti af umhverfismatsferli og því beri að fara að lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000.
 - Við vinnslu starfsleyfis og útgáfu skal taka fullt tillit til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, hafi það farið fram, einnig sem stofnunin veitir umsögn til Skipulagsstofnunar á fyrri stigum í matsferlinu, og um matsskyldufyrirspurn. Umhverfisstofnun gefur svo út starfsleyfi á grundvelli laga nr. 7/1999 og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stofnunin leggur sjálfstætt mat á þau gögn sem liggja fyrir og óskað er eftir við vinnslu og útgáfu starfsleyfisins. Stofnunin kynnir sér gögn um niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og eða matskyldu sbr. 13. gr. laga nr. 106/2000 og tekur afstöðu til álitsins hafi starfsemin farið í slíkt mat.
- Í umsögnum er bent á að hvergi sé fjallað um magn úrgangs frá sjókvíaldinu í starfsleyfistillögunni og vísað til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um mengun hafs og stranda. Einnig er vísað í kröfu um staðalinn ISO 12878 og lágmarkshvöld eldissvæða.
 - Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu er fjallað um þá mengun sem eldið kanna að valda á umhverfið og sjávarbotninn nálægt eldinu sé innan þeirra marka sem fram koma í áætluðu burðarþolsmati fjarðanna. Í matsskýrslu fyrir eldið er fjallað um það magn úrgangs sem áætlað er að komi frá eldinu miðað við framleiðslumagn og fódurnotkun. Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar er tekið á þeim úrgangi sem fellur frá eldinu m.a. með losunarmörkum en einnig með hvíld svæða milli eldislota. Umhverfisstofnun bendir á að í

grein 5.1 í starfsleyfinu eru ákvæði þar sem gerð er krafa um umhverfisvöktun á botni vegna uppsöfnunar mengandi efna og er umhverfisvöktunin nánar útfærð í vöktunaráætlun stöðvarinnar. Í mati á umhverfisáhrifum kemur fram að áhrif vegna mengunar frá eldinu komi til með að hafa óveruleg til nokkuð neikvæð, tímabundin áhrif en afturkræf. Þessu megi stýra að verulegu leiti með hæfilegri hvíld á eldissvæðum en um slíkt er kveðið á í starfsleyfinu samkvæmt grein 1.2. Í starfsleyfinu er gerð krafa um að ISO 12878 staðlinum sé fylgt varðandi vöktunarmælingar ásamt því að eldissvæði séu hvíld að lágmarki 90 daga milli eldislota líkt og reglugerð kveður á um.

- Í umsögnum er bent á að hvergi sé fjallað um upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila vegna slysasleppinga eða óhappa og vísað m.a. til ákvæða Árórsarsamningsins, einkum 4. gr. um upplýsingaskyldu til almennings.
 - *Upplýsingaskylda vegna slysasleppinga og óhappa sem tengjast slysasleppingum heyrir ekki undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar heldur rekstrarleyfi Matvælastofnunar og tilkynningar til Fiskistofu. Í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi kemur eftirfarandi fram:*
 - *3. mgr. 30. gr. „Hafi rekstrarleyfishafi vitneskju eða ætti að hafa vitneskju um frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til slysasleppinga skal hann tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr slysasleppingum. Tilkynna skal um frávik til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.“*
 - *Almennt á við um slysasleppingar eða óhöpp sem geta leitt til slysasleppinga 37. gr. reglugerðarinnar: „Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.....“*
- Í umsögnum er bent á að í málsmeðferð Umhverfisstofnunar hafi lögvörðum eignaréttindum annarra, nær og fjær, í engu verið sinnt er varðar slysasleppingar.
 - *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir gera ráð fyrir að heimilt sé að veita starfsleyfi fyrir fiskeldi. Ekki er um að ræða aðra lögbundna svæðisbundna afmörkun sambærilega við afmörkun iðnaðarsvæða í skipulagi sem starfsleyfisútgáfa á landi þarf að byggjast á. Ekki hefur heldur verið skilgreindur bótaréttur vegna ráðstöfunar hafsvæðis á sama hátt og gert er í skipulagslögum vegna áhrifa landnotkunarákvarðana skipulags á verðmæti eigna. Lög gera ekki ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri slíkar ráðstafanir við gerð starfsleyfis fyrir rekstraraðila. Ekki er fjallað sérstaklega um slíka einkaréttarlega hagsmuni eins og t.a.m. áhrif starfsemi á verð á veiðiréttindum jarðeigenda og nýtingu hlunninda, heldur er eins og áður segir er viðfangsefni starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi einkum að fjalla um mögulega mengun frá atvinnurekstri, setja losunarmörk vegna mengunar og verklagsreglur í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir og draga með því úr áhrifum þeirrar mengunar sem óhjákvæmilega verður vegna mengandi atvinnustarfsemi, með það að markmiði að tryggja mengunarvarnir með sjálfbærni að leiðarljósi.*
- Í umsögnum er kemur fram að ekki hafi farið fram umhverfismat, hvorki þegar 2.000 tonna eldið var leyft né vegna þessarar aukningar.

- *Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að sjókvíaeldið væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð umhverfismati.*
- *Í umsögnum kemur fram að óvissa sé um eldistegund en það skipti miklu máli hvort um verði að ræða lax í eldi eða regnboga.*
 - *Skipulagsstofnun fjallaði um hugsanleg áhrif þar sem tekið er tillit til hvort um sé að ræða laxeldi eða eldi á regnbogasilungi. Umhverfisstofnun telur að það sem þar komi fram ásamt svörum við þeim ábendingum sem stofnunin sendi inn séu fullnægjandi.*
- *Í umsögninni eru önnur atriði sem ekki er tekin afstöða til þar sem málefnið snýr ekki að starfsleyfi Umhverfisstofnunar heldur heyrir undir aðra aðila eða stofnarnir.*

4. Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir rekstraraðila til að framleiða allt að 4.000 tonn á ári af laxi/regnbogasilungi í Dýrafirði.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila samhliða rekstrarleyfi og gildir til 22. nóvember 2033.

Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent umsækjanda ásamt rekstrarleyfi samtímis.